

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 457, 27. september 1991.

*Iðnaðarráðuneytið, 16. október 1991.*

F. h. r.

**Björn Friðfinnsson.**

*Steinunn Bjarman.*

## GJALDSKRÁ

### Hitaveitu Akureyrar.

#### 1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð Hitaveitu Akureyrar.

#### 2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi er tengt er við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn er nægir til fullrar hitunar að dómi hitaveitunnar enda sé hitakerfi hússins nægilega stórt. Vatnsrennsli að húsi verður takmarkað um hemil eftir því sem þörf krefur og er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

#### 3. gr.

Fyrir afnot af heita vatninu skal greiða:

A. Samkvæmt vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns kr. 114,20.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp og ef vatnsmælir bilar, áætla hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

B. Fyrir hverja húsveitu ákveður Hitaveita Akureyrar mælisstærð.

Greiða skal mánaðargjald, sem fer eftir stærð vatnsmælis sem hér segir:

Fyrir hvern mæli:	kr.
a. fyrir mæla 15 mm . . . . .	674
b. fyrir mæla 20 mm . . . . .	1 640
c. fyrir mæla 25 mm . . . . .	3 281
d. fyrir mæla 32 mm . . . . .	6 561
e. fyrir mæla 40 mm . . . . .	13 123
f. fyrir mæla 50 mm og stærri . . . . .	26 246

#### 4. gr.

C. Heimæðargjald skal reiknast 15 hundraðshlutar af gatnagerðargjaldi sem álagningarstofn samkvæmt reglugerð um gatnagerðargjöld á Akureyri.

Í heimæðargjaldi er innifalin ein heimæð allt að 30 m að lengd frá götuæð í stofnkrana húss.

Húseigandi skal greiða kostnað við heimæð umfram 30 m samkvæmt ákvörðun hitaveitunnar. Þurfi að bora eða brjóta fyrir inntaksvinkli skal húseigandi greiða þann kostnað er af því hlýst.

Kostnaður vegna tengigrindar kr. 20 252 er ekki innifalinn í heimæðargjaldi.

## 5. gr.

## D. Önnur gjöld:

D.1. Lokunargjald	kr. 1 279
D.2. Mælaálestrargjald (aukaálestur)	kr. 745

## 6. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar og taka breytingum í samræmi við hana.

## 7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Akureyrar, er sett samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967, 6. og 9. grein sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 og reglugerð Hitaveitu Akureyrar frá 6. apríl 1989, staðfestist hér með til að taka gildi 1. október 1991, með vísan til auglýsingar ráðuneytisins nr. 436, 20. september 1991, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 518, 20. desember 1990 með síðari breytingum.

*Iðnaðarráðuneytið, 18. október 1991.*

F. h. r.

**Björn Friðfinnsson.**

*Steinunn Bjarman.*

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um fólksbifreiðar, sem notaðar eru til leiguaksturs og takmarkanir á fjölda þeirra, nr. 308/1989, ásamt síðari breytingum.**

## 1. gr.

3. mgr. 16. gr. orðist svo:

Óski leyfishafi eftir lengri undanþágu fjallar umsjónarnefnd um mál hans og getur hún veitt allt að tólf mánaða undanþágu til viðbótar. Umsjónarnefnd er þó heimilt að veita allt að tuttugu og fjögurra mánaða undanþágu þar að auki vegna alvarlegra og langvarandi veikinda leyfishafa.

## 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar nr. 77/1989, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 17. október 1991.*

**Halldór Blöndal.**

*Elín Helgadóttir.*